


Alþingi  
Erindi nr. P 139/452  
komudagur 29.11.2010



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

29. nóvember 2010

**Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, með síðar breytingum, 187. mál**

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) dags. 8. júlí 2009, í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgða Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Niðurstaðan ESA var í stuttu máli sú að ótakmörkuð eigendaábyrgð sem fyrirtækin njóta sé ekki að fullu í samræmi við ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð. Hins vegar lítur stofnunin svo á að heimilt sé að veita eigendaábyrgð vegna lána viðkomandi fyrirtækja, að því gefnu að greitt sé hæfilegt ábyrgðargjald fyrir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ábyrgðargjald aðila til eigenda svari að fullu til þeirrar ívilnunar sem viðkomandi aðili njóti, á grunni eigendaábyrgðar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án slíkrar ábyrgðar.

Samorka gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Samtökin telja þó rétt að benda á að sá 500 milljóna króna tekjuauki ríkissjóðs á ári, sem áætlað er að breytingin hafi í för með sér skv. fylgiskjali fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis með frumvarpinu, mun að sjálfsögðu hafa áhrif á afkomu viðkomandi félaga og þar með getu þeirra til mögulegra arðgreiðslna til eigenda sinna.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri